

HEILDARSKÝRSLA

UM ENDURSKOÐUN OG ÚTFÆRSLU EINSTAKRA SAMSTARFSVERKEFNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA


Heildaryfirlit um störf viðræðunefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra sem starfaði í umboði samráðsnefndar sveitarfélaganna árið 2015 að endurskoðun á öllum samstarfsverkefnum. Fyrri áfangi skýrslunnar var kynntur fyrir sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þeirra þann 13. apríl 2015 og síðari hlutinn á samskonar fundi þann 1. desember 2015.

ÁFANGASKÝRSLA I

13. apríl 2015

ÁFANGASKÝRSLA II

1. desember 2015



Viðræðunefnd sveitarfélaganna sem unnið hefur að endurskoðun samninganna og útfærslu þeirra skilar hér með af sér verkefni. Í heildarskýrslu þeirri sem hér liggur fyrir er yfirlit um starfið sem unnið hefur verið. Í fyrri áfanga var gögnum safnað og þau greind auk þess sem fyrstu hugmyndir um endurskoðun voru reifaðar. Þessum áfanga lauk þann 13. apríl 2015 þegar áfangaskýrsla I var kynnt fyrir sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þeirra. Í seinni áfanga starfaði Reynir Daníel Gunnarsson með viðræðunefndinni sem verkefnisstjóri. Í þessum seinni áfanga hafa verið mótaðar tillögur að nýjum og endurútfærðum samþykktum og samningum samstarfs sveitarfélaganna, kostnaður samstarfsverkefna greindur og kostnaðarskipting útfærð. Viðræðunefndin hefur á tímabilinu haldið 25 nefndarfundi og staðið fyrir tveimur sameiginlegum íbúafundum fyrir Ásahrepp og Rangárþing ytra, þann 9. maí á Laugalandi og 31. október í Menningarhúsinu á Hellu. Í tengslum við íbúafundina voru skýrslur og skjöl gerð aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna með opnum aðgangi fyrir alla. Þá voru haldnir kynningarfundir með starfsfólki og stjórnnum þeirra stofnana sem breytingarnar snerta með beinum hætti. Þannig var fundað með starfsfólki allra skóla þann 6. október. Þá hefur vinna viðræðunefndarinnar verið kynnt reglulega á fundum samráðsnefndar sveitarfélaganna sem hittst hefur á 8 fundum frá því vinna við endurskoðun samninga sveitarfélaganna hófst þann 11. desember 2014. Samráðsnefndin samanstendur af fullskipuðum sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Allar fundargerðir nefndanna hafa verið aðgengilegar á heimasíðum sveitarfélaganna jafnóðum.

Við teljum að tillögur nefndarinnar hafi fengið mikla umræðu og séu hér lagðar fram að vel athuguðu máli til afgreiðslu í sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps.

30. nóvember 2015

Þorgils Torfi Jónsson

Yngvi Karl Jónsson

Egill Sigurðsson

Ágúst Sigurðsson

Nanna Jónsdóttir